

## Skólaráðsfundur 22. apríl 2015

Mættir: Svava Bogadóttir – skólastjóri, Anna Hlöðversdóttir – fulltrúi almennra starfsmanna, Tanja Sigmundsdóttir og Sindri Friðriksson – fulltrúar nemenda, Oddur Þórðarson – fulltrúi foreldra og Jens G. Einarsson og Hannes Birgir Hjálmarsson – fulltrúar kennara.

### 1. Skóladagatal 2015-2016

- a. Svava kynnti drög fyrstu drög að Skóladagatali 2015-2016, sem hefur verið kynnt á starfsmannafundi. En það eru 180 skóladagar nemenda frá 20. ágúst til 10. júní, 5 starfsdagar kennara á starfstíma nemenda og 8 utan starfstíma nemenda.

- Er svipað og á þessum vetri sem er að líða.

Oddur nefndi að rauðir dagar (starfsdagar) séu samræmdir við leikskólann og Svava sagði að reynt væri að samræma eins og hægt er en einnig þarf að hafa FS og skóla í Hafnarfirði í huga í skipulaginu.

### 2. Viðmiðunarstundaskrá

- a. Svava kynnti breytingar á viðmiðunarstundaskrá eins og hún kemur frá menntamálaráðuneytinu. Skólinn hefur þó ákveðið svigrúm með fjölda kennslustunda í hverjum bekk innan tímafjölda á hverju stigi. Enska er t.d. kennd í 12 tíma á unglíngastigi og danska í 9 tíma á viku. Einnig tók Svava dæmi um Samfélagsfræði sem inniheldur fjölda greina og hvatti til þess að meiri áhersla verði lögð á rökræðu og gagnrýna hugsun og spunnust umræður um það.
- b. Jens ræddi um að nemendum þætti “leiðinlegt” í skólanum og velti fyrir sér hvernig mætti breyta þessu hugarfari hjá nemendum til hins betra.
- c. Verkmenntagreinar eru að fá aukið vægi í kennslu og hefur fjöldi tíma aukist (á kostnað annarra greina).
- d. Nemendur eiga að velja valgreinar fyrir næsta vetur á næstu vikum.

### 3. Styrkur frá Sprotasjóði

- a. Skólinn fékk styrk upp á 1.000.000,- frá Sprotasjóði í verkefnið “Sjálfsálit + trú á eigin námsgetu = nemendur færir í flestan sjó” fyrir næsta ár.

### 4. Kynningar á framhaldsskólum

- a. Nemendur á unglíngastigi 9. og 10. bekk eru búin að fara á kynningar í framhaldsskólum. Starfakynning fór fram í gær í Reykjanesbæ fyrir 9. og 10. bekk. Nemendur í 10. bekk fá nokkra fundi með námsráðgjöfum frá FS og Flensborg. Nemendum býðst að fara á fjölda kynningarfundi framhaldsskóla.

### 5. Önnur mál

- a. Rætt um hvort byrja ætti skólann seinna á morgnana en ekki talið góður kostur hér m. a. vegna atvinnu foreldra sem fara frá Vogum í vinnu.
- b. Umræður spunnust um “verklega” kennslu í almennum greinum.
- c. Jens nefndi að skólinn er búinn að kaupa kajaka sem verða nýttir í kennslu við skólann og var almenn ánægja með það ☺

**Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 09.20**

- Hannes Birgir Hjálmarsson -